



Stjórnarfundur hestamannafélagsins Fáks í Guðmundarstofu 28. febrúar 2023 klukkan 17:00.

Mættir: Hjörtur Bergstað, Hlíf Sturludóttir, Árni Geir Eypórsson, Þormóður Skorri Steingrímsson og Einar Gíslason.

1. Verðlaunaafhending kynbótahrossa

Stjórn Fáks mun hér eftir verðlauna árangur hrossaræktenda á Uppskeruhátíð Fáks.

2. Hesthús í Víðidal

Búið er að hafa samband við arkitekt um að teikna upp skipulag fyrir hesthúsum á óbyggðum byggingarlóðum í Faxabóli. Drög verða kynnt fyrir stjórn á næstu mánuðum.

3. Stækkun reiðhallar í Víðidal

Aðilar hafa haft samband við formann um að stækka reiðhöllin í Víðidal til norðurs. Formaður fær heimild stjórnar til að ræða um mögulegar útfærslur á slíkri stækkun.

4. Brekknaás 9

Stjórn samþykkir að Fákur taki við hita- og rafmagnsmælum í Brekknaási og rukki mánaðarlega með leigunni.

5. Dagur reiðmennskunnar og Stórsýning Fáks

Skipulag er komið á lokametrana og verður dagskrá og fréttatilkynningar sendar út strax í lok vikunnar eða byrjun þeirrar næstu. Miðasala verður í gegnum TIX.is.

6. Lóðasala – Vegbrekkur

Fyrir stjórn liggur samningur milli eftirfarandi aðila:

Magnús L. Sigurðsson, seljandi

Kristinn Bjarnason, kaupandi

Seljandi selur kaupanda byggingarrétt við Vegbrekkur 3 en í Fasteignaskrá skráð sem Vegbrekkur 5.

Framkvæmdastjóri og gjaldkeri hittu Kristinn Bjarnason á fundi í febrúar.

Stjórn Fáks samþykktir að falla frá forkaupsrétti.

7. Almennadalur – Lóðaleigusamningar

Stjórn samþykkir að óska eftir því við Reykjavíkurborg að hún taki til baka lóðir sem félaginu var úthlutað í Almennadal.

Stjórn samþykkir að óska eftir vinnu Juris lögfræðistofu við að skrifa erindið til Borgarstjórnar.

8. Erindi frá stjórn Almennadalsfélagsins

Framkvæmdastjóra er falið að svara erindi Almennadalsfélagsins.



Stjórn samþykkir að senda formlegt erindi á Reykjavíkurborg um að fjárveiting í nýframkvæmdir og viðhald verði færð til svo hægt sé að nýta hana til að byggja reiðskemmu.

Fundi slitið 18:05

Fundargerð ritaði Einar Gíslason